

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Hornafirði, 11. mars 2024  
nr. erindis 202403008

**Málefni:** Skinney Þinganes – greinargerð tilnefningu til Kuðungsins

Útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækið Skinney-Þinganes varð til við samruna þriggja fyrirtækja árið 1999: Borgeyjar, Skinneyjar og Þinganes, og nær saga þess allt aftur til ársins 1946. Skinney-Þinganes leggur áherslu á ábyrgar fiskveiðar, framleiðslu á gæðavörum úr villtu sjávarfangi og traust viðskipti. Félagið hefur yfir að ráða aflaheimildum úr margvíslegum nytjastofnum á Íslandsmiðum, rekur fjölbreytta og öfluga útgerð og fiskvinnslu á Höfn og í Þorlákshöfn. Félagið gerir út tvö uppsjávarskip, fjögur togveiðiskip og einn línubát. Fyrirtækið leggur áherslu á gott viðhald og umhirðu skipanna og leitast við hafa aðbúnað fyrir áhafnir sem bestan.

Skinney Þinganes hefur innleitt í sínu starfi samfélagsstefnu sjávarútvegs, „Ábyrgur sjávarútvegur í sátt við umhverfi og samfélag“, sem grundvallast á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Í stefnunni er lögð áhersla á að ganga vel um auðlindir hafsins og búa til verðmæti úr öllu hráefni. Þróun umhverfisvænni tækni, m.a. til að minnka losun á gróðurhúsalofttegundum, og draga úr umhverfisáhrifum. Einnig er áberandi áhersla á að minnka notkun á jarðefnaeldsneyti og ábyrga umsýslu og flokkun sorps.

Eftirfarandi er meðal þess sem Skinney-Þinganes hefur unnið að til að takmarka áhrif starfsemi sinnar á umhverfið:

**Landtenging fiskiskipa**

Löndun á afla úr uppsjávarskipi í vinnslulínur fiskiðjuvera krefst töluverðrar orku. Í dag er sú orka framleidd með olíudrífnum rafölum um borð í skipi á meðan löndun stendur, en löndunartími skips í uppsjávarvinnslu getur verið á annan sólarhring. Skinney-Þinganes hf. hefur fjárfest í landtengingarbúnaði, en í landtengingu felst að skip fái raforku úr landi til að kæla afla, dæla honum í land og sinna annarri raforkunotkun um borð í stað þess að framleiða orku með vélbúnaði sem nýtir olíu sem orkugjafa. Með þessu mun félagið lækka kolefnisspor uppsjávurvinnslu sinnar auk þess að bæta loftgæði í nærumhverfi sínu.

**Endurnýjun í bíla- og lyftaraflota**

Árið 2023 hóf Skinney-Þinganes samstarf við Brimborg. Í samstarfinu felst að við endurnýjun í bílaflota samstæðu sinnar á næstu fjórum árum mun Skinney-Þinganes leitast við að finna hentugar umhverfisvænni lausnir í bílaframboði Brimborgar, sem hefur verið leiðandi hér á landi í vistvænum bílum.

**Rafvæðing frystiklefalyftara**

Á árinu 2023 gekk félagið frá kaupum á rafmagnslyftara með öflugri líþíum rafhlöðu sem getur

staðist vaktina í miklu frosti í frystiklefa í fiskiðjuveri Skinneyjar-Pinganes á Höfn í Hornafirði en dísel lyftari hefur hingað til einungis starfað innan frystiklefans þar sem rafmagnslyftarar hafa ekki verið taldir nægilega öflugir til þess að þola frostið í frystiklefanum. Með þessu þróunarverkefni hefur félagið stigið leiðandi skref í að fjarlægja dísel lyftara úr vinnsluhúsnæðum.

### **Endurvinnsla veiðarfæra**

Veiðarfæragerð Skinneyjar-Pinganes er almenn móttökustöð fyrir veiðarfæraúrgang til endurvinnslu og tekur nú við úreltum veiðarfærum og sér til þess að þau séu hreinsuð, flokkuð og send til endurvinnslu.

### **Skógrækt**

Selbakki ehf., dótturfélag Skinneyjar-Pinganes, hefur unnið að þróun kolefnisverkefnis í samstarfi við Skógrækt ríkisins sem hefur það að markmiði að binda kolefni með nýskógrækt í landi jarðarinnar Selbakka á Mýrum og þar með draga úr kolefnisspori samstæðunnar. Gróðursetning hófst á árinu 2023.

### **Oxirate. Staðbundin framleiðsla umhverfisvænna sápu og sóttþreinsiefna.**

Í Krossey var sett upp kerfi frá Oxirate í lok síðasta árs. Kerfið framleiðir eigin sóttþreinsi og sápu á staðnum með rafgreiningarbúnaði þar sem vatni og salti er blandað saman. Þá er efnið skaðlaust fyrir náttúruna og þá starfsmenn sem vinna með það, þar sem efnahvarfið gengur til baka. Við erum að fara af stað með prófanir á sóttþreinsihluta kerfisins. Ef prófanir koma vel út munum við byrja með prófanir á framleiðslu á eigin sápu til þrifa á vinnslulínunum. Með innleiðingu kerfisins er dregið úr kolefnisspori við flutning á aðföngum til vinnslunnar auk þess sem dregið er verulega úr notkun kemískra efna við þrif á framleiðslueiningum samstæðunnar.

### **MarPet /GUNNI'S**

Skinney-Pinganes vinnur að því að efla hringrásarhagkerfi svæðisins með að byggja upp framleiðslu og sölu á þurrkuðu hollustu sælgæti fyrir hunda og ketti úr hliðarafurðum. Þannig er stuðlað að enn betri nýtingu hráefnis með lágu kolefnisspori þar sem framleiðslan er tengd staðbundinni vinnslu.

### **Alsjálfvirkt vöruhús fyrir frosnar afurðir**

Skinney-Pinganes hefur samið um kaup á fyrsta alsjálfvirka vöruhúsinu fyrir frosnar afurðir. Þannig er orkunýting við geymslu á frosnum afurðum bætt verulega. Með þessu verkefni flyst megininn lager frosinna afurða í nærumhverfi framleiðslunnar. Hingað til hefur verulegur hluti afurða verður fluttur erlendis og geymdur í vöruhúsum þar til þeim er dreift til kaupanda (með auknu sótspori vegna flutnings og vegna orku sem er ekki græn). Með þessari fjárfestingu er því markvisst unnið að hagræðingu í flutningskeðju afurða til lokaneytanda til að draga úr sótspori á virðisikeðju félagsins.

### **Samstarf með Coolity**

Til að auka sjálfbærni aðfangakeðju sinnar hefur Skinney-Pinganes á árinu ákveðið að vinna náið með nýsköpunarfélaginu Coolity. Coolity vinnur að því að þróa aðferðir til að framleiða kassa sem henta til útflutnings á ferskum fiski. Kassarnir verða framleiddir úr grastrefjum sem unnar eru úr grasi sem ræktað yrdi í nærumhverfi framleiðslu. Með þessu móti vinnur Skinney-Pinganes markvisst að því að tryggja að hægt verði að minnka notkun félagsins á frauðplastkössum og þannig lækka sótspor í virðisikeðju framleiðslu Skinneyjar-Pinganes.

### **Uppsjávarskip**

Unnið er að smíði nýs uppsjávarskips sem ætlað er að leysa af hólmi tvö eldri skip félagsins. Nýja skipið er mun orkunýtnara og getur borið meiri afla sem tryggir lækkað kolefnisspor á virðisikeðju uppsjávarafurða hjá félaginu. Skipin eru sérstaklega hönnuð til að geta siglt um Hornafjarðarós. Þannig vinnur félagið að aðlögun vegna umhverfisþátta við Hornafjörð og á sama tíma og dregið er kolefnisspori afurða.

### **Fjárfestingar í olíukötlum fyrir mjöl og lýsisframleiðslu**

Mjöl og lýsisvinnsla Skinneyjar-Pinganes hefur verið sú eina á Íslandi sem eingöngu hefur verið keyrð á rafmagni síðasta áratuginn. Vegna ytri aðstæðna var á árinu nauðsynlegt að fjárfesta í

olíukötlum til að tryggja vara orku fyrir mjöl og lýsisvinnslu. Þrátt fyrir að í upphafi gæti reynst nauðsynlegt að keyra katlana á olíu þá var horft til þess að hanna þá á þann veg að hægt sé að keyra þá líf- eða rafeldsneyti þegar það verður aðgengilegt. Félagið er því í stakk búið að hefja mjöl og lýsis framleiðslu á grænu eldsneyti þegar aðrir innviðir verða klárir.

Það er mat umhverfis- og skipulagsnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar að Skinney-Þinganes sé til fyrirmyndar á margan hátt í umhverfismálum og einstaklega vel að viðurkenningu Kuðungsins komið. Fyrirtækið hefur lagt mikið í að draga úr orkunotkun og auðlindasóun og leitað til þess ýmissa leiða. Auk þess má geta þess að fyrirtækið sýnir samfélagslega ábyrgð í verki með þátttöku í ýmsum verkefnum í heimabæ sínum á Höfn og sveitarfélaginu öllu.

Virðingarfyllt

---

Brynja Dögg Ingólfssdóttir  
umhverfis- og skipulagsstjóri  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

